

*Sent í samráðsgátt*

Reykjavík, 2. mars 2023

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar

**Efni: Umsögn til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um drög að breytingu á reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana, mál nr. 36/2023.**

Bændasamtökin taka undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið og telja samtökin að mikilvægt sé að þróa gagna- og samráðsgáttina þannig að hún gegni hlutverki þvert á stofnanir vegna t.a.m. birtingar leyfisveitinga.

Samtökin vöktu athygli á mikilvægi þessa í umsögn sinni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um fiskeldi og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (390. mál, 153. löggjafarþing) sem send var umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis í desember sl. Þar segir m.a. *Boðuð breyting á lögum um fiskeldi gerir ráð fyrir að rekstrarleyfi til bráðabirgða sé eingöngu auglýst á vefsíðu Matvælastofnunar. Með lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana er í 7. gr. innleidd ný gagna- og samráðsgátt og verður því að velta upp þeirri spurningu hvort breyta þurfi orðalagi þannig að hið minnsta útgáfa bráðabirgðaleyfa sem ná inn á gildissvið laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana fái örugglega samræmda málsmeðferð með birtingu í gáttinni.*

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur